



## Alþýðusamband Íslands

### Ályktun 40. þings ASÍ um húsnæðismál

Verkalýðshreyfingin hefur frá upphafi látið húsnæðismál til sín taka vegna þess að öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum er einn af grundvallarþáttunum í velferð launafólks. Þannig beitti hreyfingin sér fyrir uppbyggingu verkamannabústaðakerfisins og síðar félagslega húsnæðiskerfisins. Þá hefur verkalýðshreyfingin látið sig varða kjör og fyrirkomulag húsnæðislána, vaxtabótakerfið og stöðu leigjenda.

Vandinn sem íslensk heimili standa frammi fyrir í dag er ærinn og mikilvægt að við honum sé brugðist.

#### Áherslur ASÍ eru:

- Að tryggt verði að hér ríki efnahagslegur stöðugleiki með meiri festu í gengi krónunnar og lágrí verðbólgu.
- Að hér verði komið á einu kerfi húsnæðisbóta sem jafni stöðu kaupenda og leigjenda. Við útfærslu kerfisins verði tekju- og eignaskerðingum stillt í hóf og þess gætt að staða lág- og millitekjufólks verði bætt frá því sem nú er, bæði hvað varðar kaup og leigu.
- Að fjölbreytileiki í húsnæðismálum verði augin, með því að efla leigumarkaðinn þannig að hann verði raunverulegur öruggur valkostur og að fólk geti valið auk hefðbundinna kaupa- og leigu milli mismunandi búsetuforma svo sem kaupréttar og kaupleigu. Þá er mikilvægt að endurvekja félagslega húsnæðiskerfið.
- Að húsnæðisvextir verði lækkaðir, m.a með því að leita fyrirmynda hjá þeim þjóðum sem bestum árangri hafa náð í að byggja upp húsnæðislánamarkað og lækka kostnað við lántökur, s.s. stimpilgjöld, þinglýsingargjöld og lántökugjöld.
- Að dregið verði úr vægi verðtryggingar með því að lánastofnanir bjóði upp á hagstæðari óverðtryggð lán.
- Að leita leiða til að lækka byggingakostnað með því að sveitarfélög lækki lóðaverð og dregið verði úr kröfum í byggingareglugerðum án þess að dregið verði úr öryggi eða aðgengi fatlaðra.
- Að húskaupendum verði boðið upp á óháða fjármálaráðgjöf og ráðgjöf um mat á ástandi fasteigna.
- Að tryggja ungu fólki stuðning við að stíga sín fyrstu skref á fasteignamarkaðnum með því að hvetja ungt fólk til sparnaðar með sérstökum húsnæðisreikningum sem njóti góðra kjara og hagstæðrar skattalegrar meðferðar og koma til móts við unga kaupendur með skattaávilnun sem tryggi hraðari eignamyndun.

### Helstu verkefni ASÍ eru:

- Að beita sér fyrir því að stjórnvöld taki upp meiri festu í gengisskráningu.
- Að krefjast aðkomu verkalýðshreyfingarinnar að útfærslu á nýju kerfi húsnæðisbóta.
- Að þrýsta á stjórnvöld að endurvekja félagslega íbúðakerfið.
- Að beita sér fyrir því að leigumarkaðurinn verð eflur í samvinnu við stjórnvöld og fjárfesta.
- Að þrýsta á stjórnvöld að þau breyti fyrirkomulagi opinberra húsnæðislána til samræmis við það sem best gerist í nágrennalöndunum og að stjórnvöld dragi verulega úr gjalddöku á húsnæðislánum.
- Að beita sér fyrir því að ríki og sveitarfélög geri það sem í þeirra valdi stendur til að draga úr kostnaði við nýbyggingar.
- Að beita sér fyrir því að boðið verði upp á öflugra ráðgjafapjónustu fyrir fólk í húsnæðisleit.
- Að þrýsta á stjórnvöld að taka upp sérstakar skattaávilnanir fyrir ungt fólk sem er að koma út á húsnæðismarkaðinn.